

Þjóðavinnuáskrifstofan hafði tekið saman skýrsluna „Towards a fair deal for migrant workers in the global economy“ til undirbúnings umræðum á þinginu. Í umræðunum um niðurstöður skýrslunnar kom fram að víða sé misbrestur á að grundvallarréttur launafólks sé virtur, mismunur sé algengt vandamál þar sem farandverkafolk verði oft að sætta sig við lægri laun en heimamenn. Útlendingar sem starfa í gistiríki séu einnig oft misnotaðir, fá ómanneskjulega meðferð og þeim sé ókunnugt um réttindi sín.

Niðurstöður fundarins urðu þær að aðgerða væri þörf. Alþjóðavinnuáskrifstofnunin væri vel í stakk búin til að takast á við verkefni af þessu tagi þar sem stofnunin byggist á þríhliða samstarfi þeirra aðila sem eiga hlut að máli. Til að byrja með þyrftu aðgerðirnar að felast í upplýsingaherferð sem fæli í sér þróun gagnagrunns sem hefði að geyma upplýsingar um alþjóðlegan flutning fólks í atvinnuskyni. Stofnunin eigi að taka frumkvæði að samvinnu við aðrar alþjóðastofnanir eins og OECD um þetta málefni. Hún eigi enn fremur að hvetja aðildarríkin til að fullgilda og hrinda í framkvæmd ákvæðum í samþykktum og tilmælum ILO á þessu sviði. Sérstaklega var bent á samþykktir nr. 97 og nr. 143, um réttindi farandverkafólks. Stuðningur við þessar tillögur komu einkum frá hópum atvinnurekenda og launafólks, en fulltrúar ríkisstjórnanna héldu sig nokkuð til hlés við umræðurnar.

### **Afnám 16 tilmæla.**

Alþjóðavinnuáskrifstofnunin samþykkti að fella úr gildi 16 tilmæli sem samþykkt höfðu verið á árabílinu 1919–1953. Alþjóðavinnuáskrifstofnunin hafði komist að þeirri niðurstöðu að tilmælin væru orðin úrelt og þjónuðu ekki lengur markmiðum stofnunarinnar.

Skrá yfir tilmælin sem voru afnumin er birt í fylgiskjali VII.

### **Ályktanir.**

Nefnd um þingsályktanir starfar annað hvert ár. Að þessu sinni lágu fyrir nefndinni 15 tillögur til þingsályktana. Nefndarstarfið hefst venjulega á því að gerð er tilraun til að sameina efnislega hliðstæðar tillögur. Það bar nokkurn árangur. Oft eru flokkadrættir áberandi í nefndinni og vill tími glatast við málþóf um fundarsköp. Árangur af nefndarstarfinu er því nokkuð misjafn. Á þessu þingi tókst samstaða um eina tillögu. Hún var lögð fram að frumkvæði fulltrúa ríkisstjórna Norðurlanda og fjallaði um jafnréttismál. Efni tillögunnar snýr jafnt að Alþjóðavinnuáskrifstofnuninni sem og aðildarríkjunum og snýst um aðgerðir til að koma á jafnrétti kvenna og karla.

### **Fylgiskjal I.**

#### **Samþykkt nr. 184, um öryggi og hollustu í landbúnaði.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar, sem kom saman til 89. þingsetu sinnar í Genf 5. júní 2001 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnuáskrifstofunnar,

með hliðsjón af meginreglum viðeigandi samþykta og tilmæla Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar, einkum samþykkt og tilmælum um vinnu verkamanna á plantekrum, 1958, samþykkt og tilmælum um bætur vegna slysa við vinnu, 1964, samþykkt og tilmælum um vinnu-

eftirlit á sviði landbúnaðar, 1969, samþykkt og tilmælum um öryggi og starfsumhverfi, 1981, samþykkt og tilmælum um heilsugæslu á vinnustöðum, 1985 og samþykkt og tilmælum um öryggi við notkun efna við vinnu, 1990,

að teknu tilliti til mikilvægi heildarnálgunar í landbúnaði og víðara samhengis meginreglna annarra samþykktu Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar er gilda á því sviði, einkum samþykkt um félagafrelsi og verndun þess, 1948, samþykkt um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, 1949, samþykkt um lágmarksaldur við vinnu, 1973 og samþykkt um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd, 1999, og

með hliðsjón af þríhliða yfirlýsingu um meginreglur varðandi fjölþjóðleg fyrirtæki og félagsmálastefnu jafnt sem viðeigandi leiðbeiningarreglum, einkum leiðbeiningarreglum um skráningu og tilkynningu vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, 1996, og leiðbeiningarreglum um öryggi og heilbrigði í skógarvinnu, 1998,

að teknum ákvörðunum um að samþykkja tilteknar tillögur sem varða öryggi og heilbrigði í landbúnaði, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

að teknum ákvörðunum um að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, 21. júní 2001, eftirfarandi samþykkt, sem nefna má samþykkt um öryggi og heilbrigði í landbúnaði, 2001.

## I. Gildissvið.

### 1. gr.

Í samþykkt þessari nær hugtakið „landbúnaður“ yfir landbúnað og nýtingu skóga í landbúnaðarfyrirtækjum, þar á meðal jarðrækt, nýtingu skóga, kvikfjárrækt og skordýrarækt, frumvinnslu jarðræktar- og dýraafurða, rekstraraðila eða í þágu rekstraraðila fyrirtækis, sem og notkun og viðhald á vélum, búnaði, tækjum, verkfærum og mannvirkjum í landbúnaði, að meðtalinni allri vinnslu, geymslu, rekstri og flutningum innan fyrirtækis sem beinlínis tengjast landbúnaðarframleiðslu.

### 2. gr.

Í samþykkt þessi nær hugtakið „landbúnaður“ ekki til:

- a. sjálfsþurftabúskapar,
- b. iðnaðar sem nýtir landbúnaðarafurðir sem hráefni og þjónustu sem þeim iðnaði tengist, eða
- c. nýtingar skóga til iðnaðar.

### 3. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald aðildarríkis sem fullgildir samþykkt þessa að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks:

- a. getur skilið ákveðin landbúnaðarfyrirtæki eða afmarkaða hópa launafólks undan gildissviði samþykktar þessarar eða ákveðnum ákvæðum hennar þegar sérstök og veruleg vandamál rísa, og
- b. skal, ef slíkar undanþágur eru veittar, gera áætlun um útfærslu gildissviðs samþykktarinnar til allra fyrirtækja og hópa starfsmanna stig af stigi.

2. Sérhverju aðildarríki skal í fyrstu skýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar skv. 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar tilgreina allar undanþágur samkvæmt a-lið 1. mgr. þessa ákvæðis og skýra frá ástæðum þeirra. Í síðari skýrslum skal aðildarríkið lýsa þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið í því skyni að láta ákvæði samþykktarinnar með tímanum ná smám saman til slíkra hópa.

## II. Almenn ákvæði.

### 4. gr.

1. Með tilliti til innlendra aðstæðna og venju og að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks skal sérhvert aðildarríki móta, framkvæma og endurskoða reglulega innlenda heildarstefnu um öryggi og heilbrigði í landbúnaði. Markmið slíkrar stefnu skal vera að koma í veg fyrir slys og heilsutjón við eða í tengslum við landbúnaðarstörf með því að uppræta, draga úr eða hafa stjórn á hættum í vinnuumhverfi í landbúnaði.

2. Í þessu skyni skal í landslögum og reglugerðum:

- tilgreina það stjórnvald sem ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar og framfylgir landslögum og reglugerðum um öryggi og heilbrigði í landbúnaði,
- tilgreina réttindi og skyldur atvinnurekenda og starfsmanna er lúta að öryggi og heilbrigði í landbúnaði, og
- kveða á um samræmingu starfa hlutaðeigandi stjórnvalda og stofnana á sviði landbúnaðar og skilgreina hlutverk þeirra og ábyrgð, að teknu tilliti til sérfræðipækkingar þeirra og innlendra aðstæðna og venju.

3. Hlutaðeigandi stjórnvald skal kveða á um úrbætur og hæfileg refsiviðurlög í samræmi við landslög og reglugerðir, þar á meðal um stöðvun eða takmörkun á starfsemi í landbúnaði, eftir því sem við á, ef starfsemin hefur í för með sér yfirvofandi hættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna, uns bætt hefur verið úr þeim aðstæðum sem leiddu til bannsins eða takmörkunar.

### 5. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að fullnægjandi og viðeigandi eftirlitskerfi með vinnustöðum í landbúnaði sé fyrir hendi og að nægilegu fjármagni sé veitt til þess.

2. Í samræmi við landslög er hlutaðeigandi stjórnvaldi heimilt að fela í sínu umboði opinberum þjónustuaðilum eða einkastofnunum sem eru undir ríkiseftirliti sérstakt svæðis- eða staðbundið eftirlit, eða eiga í samvinnu við þessa aðila um þetta hlutverk.

## III. Forvarnir og varúðarráðstafanir.

### *Almennt.*

### 6. gr.

1. Atvinnurekandi skal, að því marki sem samræmist landslögum og reglugerðum, tryggja að öryggi og heilsu starfsmanna sé engin hættu búin af öllum þáttum sem starfinu tengjast.

2. Landslög og reglugerðir eða fyrirmæli hlutaðeigandi stjórnvalds skulu kveða á um að þegar tveir eða fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað í landbúnaði, eða þar sem einn eða fleiri atvinnurekendur og einn eða fleiri einyrkjar eiga aðild að starfseminni, skuli þeir starfa saman við að fullnægja skilyrðum um öryggi og heilbrigði. Þar sem við á skal stjórnvald kveða almennt á um framkvæmd samvinnunnar.

### 7. gr.

Í því skyni að fylgja innanlandsstefnu skv. 4. gr. samþykktar þessarar, skulu landslög og reglugerðir eða fyrirmæli viðeigandi stjórnvalds, að teknu tilliti til stærðar fyrirtækis og starfsemi þess, kveða á um að atvinnurekandi skuli:

- gera viðeigandi áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu launafólks, og grípa á grundvelli þess til forvarna og varúðarráðstafana til að tryggja að við allar fyrirhugaðar aðstæður sé öll landbúnaðarstarfsemi, vinnustaðir, vélar, tæki, efni, verkfæri og vinnslu-

ferli undir stjórn atvinnurekanda örugg og fullnægi þeim öryggis- og heilbrigðiskröfum sem gerðar eru,

- b. tryggja að launafólki við landbúnað sé veitt fullnægjandi og viðeigandi þjálfun og skiljanleg fyrirmæli um öryggi og heilbrigði ásamt nauðsynlegri leiðsögn og yfirumsjón, þar á meðal upplýsingum um hættur sem tengjast starfi þess og varúðarráðstafanir, að teknu tilliti til mismunandi menntunarstigs og ólíkra tungumála, og
- c. gera þegar í stað ráðstafanir til að stöðva hverja þá starfsemi þar sem bein og alvarleg hættu staðjar að öryggi og heilbrigði, og flytja starfsmenn á brott eftir því sem við á.

#### 8. gr.

1. Launafólk í landbúnaði skal eiga rétt á:

- a. að fá upplýsingar og að samráð sé við það haft um öryggi og heilbrigði, þar á meðal um hættur af nýrri tækni;
- b. að taka þátt í framkvæmd og endurskoðun öryggis- og heilbrigðisráðstafana, og að velja sér í samræmi við landslög og venju öryggis- og heilbrigðistrúnaðarmenn og fulltrúa í öryggis- og heilbrigðisnefndir; og
- c. að geta sjálf, ef það hefur rökstudda ástæðu til þess að ætla að öryggi þess og heilbrigði sé stefnt í alvarlega og bráða hættu, komið sér undan afleiðingum hættunnar og skýrt yfirmanni sínum frá því þegar í stað. Óheimilt er að láta það gjalda fyrir ákvörðun sína á nokkurn hátt.

2. Launafólk í landbúnaði og fulltrúar þess skulu fylgja gildandi öryggis- og heilbrigðisráðstöfunum og eiga samvinnu við atvinnurekendur svo að þeim síðarnefndu sé gert kleift að sinna eigin skyldum og ábyrgð.

3. Kveða skal á um réttindi og skyldur skv. 1. og 2. mgr. í landslögum eða reglugerðum, fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalds, kjarasamningum eða með öðrum viðeigandi hætti.

4. Áður en ákvæði samþykktar þessarar eru innleidd skv. 3. mgr. skal hafa samráð við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks.

#### *Öryggi véla og vinnuvistfræði.*

#### 9. gr.

1. Landslög og reglugerðir eða fyrirmæli viðeigandi stjórnvalds skulu kveða á um að vélar, tæki, þar á meðal persónuhlífar, áhöld og handverkfæri sem notuð eru við landbúnað skuli fullnægja innlendum eða öðrum viðurkenndum skilyrðum um öryggi og heilbrigði, og uppsetning, viðhald og varðveisla sé með viðeigandi hætti.

2. Hlutaðeigandi stjórnvald skal gera ráðstafanir til að tryggja að framleiðendur, innflytjendur og birgðasalar hlíti skilyrðum skv. 1. mgr. og veiti notendum, svo og viðeigandi stjórnvaldi, krefjist það þess, fullnægjandi og viðeigandi upplýsingar, þar á meðal viðvör- unarmerki, á opinberu tungumáli eða opinberum tungumálum þess ríkis þar sem tækin eru notuð.

3. Atvinnurekendur skulu tryggja að launafólk fái og skilji þær upplýsingar um öryggi og heilbrigði sem framleiðendur, innflytjendur og birgðasalar láta í té.

#### 10. gr.

Landslög og reglugerðir skulu kveða á um að vélar og tæki í landbúnaði skuli:

- a. einungis vera notuð við vinnu sem þau eru hönnuð fyrir, nema í tilvikum þar sem annars konar notkun hefur verið metin örugg í samræmi við landslög og venju og sérstaklega

- ekki vera notuð fyrir fólksflutninga nema þau séu hönnuð eða breytt til að flytja fólk;  
og
- b. stjórnað af þjálfuðu og hæfu fólki í samræmi við landslög og venju.

*Meðhöndlun og flutningur á hráefni og vöru.*

11. gr.

1. Til þess bært stjórnvald skal, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, kveða á um öryggis- og heilbrigðisskilyrði fyrir meðhöndlun og flutning á hráefni og vöru, sérstaklega um burð. Slík skilyrði skulu byggjast á áhættumati, tæknilegum stöðlum og læknisfræðilegu álitni, að teknu tilliti til allra viðeigandi aðstæðna sem starfið er unnið við í samræmi við landslög og venju.

2. Óheimilt er að krefja launafólk eða heimila því að bera eða flytja hráefni og vöru sem vegna þunga síns eða eðlis er kleg til að stofna öryggi þess eða heilsu í hættu.

*Örugg meðferð efna.*

12. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvald skal gera ráðstafanir í samræmi við landslög og venju í því skyni að tryggja að:

- a. fyrir hendi sé viðeigandi innlent kerfi eða annað kerfi sem stjórnvaldið viðurkennir sem kveður á um sérstök skilyrði fyrir innflutning, flokkun, pökkun og merkingu efna sem notuð eru í landbúnaði og fyrir bann eða takmörkun á notkun þeirra,
- b. þeir sem framleiða, flytja inn, útvega, selja, flytja, geyma eða farga efni sem notað er í landbúnaði, hlíti innlendum eða öðrum viðurkenndum skilyrðum um öryggi og heilbrigði og veiti notendum, og stjórnvaldinu sjálfu, krefjist það þess, fullnægjandi og viðeigandi upplýsingar á viðeigandi opinberu tungumáli eða opinberum tungumálum ríkisins; og
- c. fyrir hendi sé kerfi til að með öruggum hætti megi safna saman, endurvinna og farga efnaúrgangi, úreltum efnnum og tómum efnailátum til að þau verði ekki notuð í öðru skyni og til að koma í veg fyrir eða draga, eins og kostur er, úr hættu fyrir öryggi og heilsu og fyrir umhverfið.

13. gr.

1. Landslög og reglugerðir eða fyrirmæli hlutaðeigandi stjórnvalds skulu tryggja að fyrir hendi séu forvarnir og varúðarráðstafanir fyrir efnanotkun og meðhöndlun efnaúrgangs hjá fyrirtækjum.

2. Þessar ráðstafanir skulu meðal annars gilda um:

- a. undirbúning, meðhöndlun, notkun, geymslu og flutning efna,
- b. landbúnaðarstörf sem leiða til dreifingar efna,
- c. viðhald, viðgerðir og hreinsun á tækjum og ílátum fyrir efni, og
- d. förgun á tómum ílátum og meðferð og förgun á efnaúrgangi og úreltum efnnum.

*Meðferð dýra og vernd gegn líffræðilegum skaðvöldum.*

14. gr.

Landslög og reglugerðir skulu tryggja að komið sé í veg fyrir eða að dregið sé svo sem kostur er úr hættum, svo sem vegna sýkingar, ofnæmis eða eitrunar vegna meðhöndlunar á líffræðilegum skaðvöldum, og að starfsemi sem viðkemur dýrum, búfænaði og peningshúsum fari fram í samræmi við innlend eða önnur viðurkennd öryggis- og heilbrigðisskilyrði.

*Landbúnaðarmannvirki.*

15. gr.

Bygging, viðhald og viðgerð landbúnaðarmannvirkja skal fara fram í samræmi við landslög, reglugerðir og öryggis- og heilbrigðiskröfur

**IV. Ýmis ákvæði.***Ungt launafólk og hættuleg störf.*

16. gr.

1. Lágmarksaldur við störf í landbúnaði sem vegna eðlis síns eða vinnuskilyrða er líkleg til að stofna öryggi eða heilsu ungmenna í hættu skal eigi vera lægri en 18 ár.

2. Lög og reglugerðir eða fyrirmæli viðeigandi stjórnvalds skulu, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekanda og launafólks, kveða á um hvers konar störf eða vinna falla undir 1. mgr.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. geta landslög eða reglugerðir eða til þess bært stjórnvald, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekanda og launafólks, heimilað 16 ára aldurstakmark við störf skv. 1. mgr. að því gefnu að viðeigandi þjálfun sé veitt og að öryggi og heilbrigði ungmennanna sé að fullu tryggt.

*Launafólk í tímabundnum og árstíðabundnum störfum.*

17. gr.

Ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja að launafólk í tímabundnum og árstíðabundnum störfum njóti sama öryggis og heilsuverndar og fastráðið launafólk í landbúnaði.

*Konur í landbúnaðarstörfum.*

18. gr.

Ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja að tekið sé tillit til sérstakra þarfa kvenna sem starfa við landbúnað í sambandi við þungun, brjóstagjöf og mæðravernd.

*Félagsleg aðstaða og húsnæði.*

19. gr.

Landslög og reglugerðir eða fyrirmæli til þess bærst stjórnvalds skulu, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekanda og launafólks, kveða á um:

- a. fullnægjandi velferðarþjónusta sé fyrir hendi, launafólki að kostnaðarlausu, og
- b. lágmarkskröfur um húsnæði fyrir launafólk sem eðlis starfsins vegna þarf að búa tíma- bundið eða varanlega innan fyrirtækisins.

*Skipulag vinnutíma.*

20. gr.

Fjöldi vinnustunda, næturvinna og hvíldartími launafólks í landbúnaði skal vera í samræmi við landslög og reglugerðir eða kjarasamninga.

*Sjúkra- og slysatryggingar.*

21. gr.

1. Launafólk í landbúnaði skal í samræmi við landslög og venju vera tryggt með almennum tryggingum eða almannatryggingum gegn vinnuslysum og sjúkdómum, hvort sem þau eru banvæn eða ekki, svo og gegn örorku og öðrum vinnutengdum áhættuþáttum fyrir heils-

una, og skal sú vernd vera að minnsta kosti sambærileg þeirri vernd sem launafólk úr öðrum atvinnugreinum nýtur.

2. Slík kerfi geta verið hluti af innlendu tryggingakerfi eða verið með öðrum hætti í samræmi við landslög og venju.

*Lokaákvæði.*

22. gr.

Formlegar fullgildingar samþykktar þessarar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumála-skrifstofunnar til skrásetningar.

23. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumála-stofnunarinnar sem hafa látið forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skrá fullgildingar sínar.

2. Samþykktin gengur í gildi 12 mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur samþykktin í gildi fyrir hvert aðildarríki 12 mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

24. gr.

1. Aðildarríki sem fullgilt hefur samþykkt þessa getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumála-skrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins sem um getur í 1. mgr. rétt þann til uppsagnar sem þar er kveðið á um skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil en er síðan heimilt að segja henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

25. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á því hvaða dag samþykktin gengur í gildi.

26. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

27. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktar þessarar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar eða hluta hennar.

## 28. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt sem breytir samþykkt þessari að nokkru eða öllu leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, skal:

- a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju endurskoðuðu samþykkt lögum samkvæmt hafa í för með sér tafarlausa uppsögn samþykktar þessarar, þrátt fyrir ákvæði 24. gr. hér að framan, ef hin nýja endurskoðaða samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist,
  - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda samþykkt þessa eftir að hin nýja endurskoðaða samþykkt hefur öðlast gildi.
2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað varðar form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina endurskoðuðu samþykkt.

## 29. gr.

Enskur og franskur texti samþykktar þessarar er jafngildur.

## Fylgiskjal II.

### **Tilmæli nr. 192, um öryggi og hollustu í landbúnaði.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáráðs, sem kom saman til 89. þingsetu sinnar í Genf 5. júní 2001 að kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnuáráðs, sem hefur ákveðið að samþykkja tiltekna tillögur varðandi öryggi og heilbrigði í landbúnaði, sem er fjórða mál á dagskrá þingsins, og sem hefur ákveðið að tillögur þessar skuli gerðar í formi tilmæla til fyllingar samþykktar um öryggi og heilbrigði í landbúnaði, 2001 (hér eftir nefnd „samþykktin“); samþykkir hinn 21. júní 2001 eftirfarandi tilmæli, sem vísa má til sem tilmæla um öryggi og heilbrigði í landbúnaði, 2001.

#### **I. Almenn ákvæði.**

1. Við framkvæmd á 5. gr. samþykktarinnar skal grípa til ráðstafana í tengslum við vinnueftirlit í landbúnaði í ljósi meginreglunnar sem er að finna í samþykkt og tilmælum um vinnueftirlit (í landbúnaði), 1969.
2. Fjölpjóða fyrirtæki skulu veita starfsmönnum sínum í landbúnaði fullnægjandi öryggi og heilsuvernd á öllum vinnustöðum sínum, án mismununar og án tillits til þess á hvaða stað eða í hvaða landi þeir eru, í samræmi við landslög og venju og þríhliða yfirlýsinguna um meginreglur varðandi fjölpjóða fyrirtæki og félagsmálastefnu.

#### **II. Vinnuöryggi og eftirlit með heilsu launafólks.**

3. (1) Stjórnvaldi því, sem tilgreint er til að framkvæma innlenda stefnu sem vísað er til í 4. gr. samþykktarinnar, ber að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, að
  - a. bera kensl á helstu vandamál, forgangsraða verkefnum, finna áhrifaríkar aðferðir til að fást við þau og meta árangurinn reglulega,



b. mæla fyrir um aðgerðir til að koma í veg fyrir og hafa stjórn á starfstengdum hættum í landbúnaði,

- (i) að teknu tilliti til tækni framfara og þekkingar á sviði öryggis og heilbrigðis sem og viðeigandi staðla, leiðbeininga og leiðbeiningarreglna sem viðurkenndar innlendar stofnanir eða alþjóðastofnanir hafa samþykkt,
- (ii) að teknu tilliti til þarfarinnar á að vernda umhverfið gegn áhrifum frá landbúnaðarstörfum,
- (iii) með því að tilgreina þær ráðstafanir sem grípa þarf til í því skyni að koma í veg fyrir eða hafa stjórn á áhættunni á landlægum atvinnutengdum sjúkdómum meðal launafólks í landbúnaði, og
- (iv) með því að tilgreina að engum launamanni beri að framkvæma hættulega vinnu í einangruðu eða lokuðu rými án þess að nægilegir möguleikar séu á samskiptum og aðstoð.

c. semja leiðbeiningar fyrir atvinnurekendur og verkafólk.

(2) Í því skyni að 4. gr. samþykktarinnar komi til framkvæmda ber hlutaðeigandi stjórnvaldi að:

- a. samþykkja ákvæði um að auka stig af stigi viðeigandi starfstengda heilsuvernd fyrir launafólk í landbúnaði,
- b. koma á tilhögun að skráningu og tilkynningu á vinnuslysum og atvinnusjúkdómum í landbúnaði, einkum til að taka meg saman tölfræðilegar upplýsingar, til að framkvæma hina innlenda stefnu og til að koma á fyrirbyggjandi ráðstöfunum á fyrirtækjastigi, og
- c. stuðla að öryggi og heilbrigði í landbúnaði með kennsluáætlunum og námsefni til að mæta þörfum atvinnurekenda og launafólks í landbúnaði.

4. (1) Í því skyni að 7. gr. samþykktarinnar komi til framkvæmda ber hlutaðeigandi stjórnvaldi að koma á innlendu eftirlitskerfi með öryggi og heilbrigði á vinnustöðum sem bæði fæli í sér heilsuvernd starfsmanna og eftirlit með vinnuumhverfinu.

(2) Kerfið skal fela í sér nauðsynlegt áhættumat og, þar sem við á, forvarnir og verndar-ráðstafanir varðandi meðal annars:

- a. hættuleg efni og úrgang,
- b. eitraða, smitandi eða ofnæmisvaldandi líffræðilega skaðvalda,
- c. ertandi eða eitraðar gufur,
- d. hættulegt ryk,
- e. krabbameinsvaldandi efni eða skaðvalda,
- f. hávaða og titring,
- g. of mikinn kulda og hita,
- h. útfjólubláa sólargeislun,
- i. sjúkdóma sem borist geta með dýrum,
- j. snertingu við villt eða eitruð dýr,
- k. notkun véla og búnaðar, þ.m.t. persónuhlífar,
- l. meðhöndlun eða burð á varningi,
- m. mikla eða langvarandi líkamlega eða andlega áreynslu, vinnutengda streitu og ófullnægjandi líkamsstöðu við vinnu, og
- n. hættu af nýrri tækni.

(3) Heilsuvernd skal vera fyrir ungt launafólk, þungaðar konur og konur með börn á brjósti og eldra launafólk, þar sem við á.

### III. Forvarnir og verndarráðstafanir.

#### *Áhættumat og áhættustjórnun.*

5. Í því skyni að 7. gr. samþykktarinnar komi til framkvæmda skulu aðgerðir á sviði öryggis og heilbrigðis á fyrirtækjastigi fela í sér:

- a. þjónusta á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum,
- b. áhættumat og áhættustjórnun í eftirfarandi forgangs röð,
  - (i) að koma í veg fyrir áhættu,
  - (ii) að hafa stjórn á áhættunni við upptök hennar,
  - (iii) að draga úr áhættunni með aðgerðum eins og hönnun öryggiskerfa við vinnu, koma á ráðstöfunum er lúta að tækni og skipulagi og öryggisráðstöfunum og þjálfun, og
  - (iv) að því marki sem áhætta er enn fyrir hendi, að útvega persónuhlífar og hlífðarfatnað, launafólki að kostnaðarlausu, og sjá til þess að þetta sé notað;
- c. aðgerðir til að bregðast við slysum og neyðarástandi, þar á meðal fyrstu hjálp og við-eigandi flutning til heilbrigðisstarfsmanna,
- d. tilhögun á skráningu og tilkynningum á slysum og sjúkdómum,
- e. viðeigandi ráðstafanir til verndar fólki sem er á landbúnaðarvinnustað, íbúum í grenndinni og umhverfinu almennt, gegn hættu sem komið gæti upp vegna þeirra landbúnaðarstarfa sem unnin eru, svo sem vegna áburðarúrgangs, úrgangs frá búpeningi, mengun jarðvegs og vatns, jarðvegsrýrnunar og útlitsbreytinga á jarðvegi, og
- f. ráðstafanir til að tryggja að sú tækni sem notuð er sé aðlöguð að loftslagi, vinnuskiplagi og vinnuháttum.

#### *Öryggi við meðferð véla og verklag.*

6. Í því skyni að 9. gr. samþykktarinnar komi til framkvæmda skal gera ráðstafanir til að tryggja rétt val eða rétta aðlögun á tækni, vélum og búnaði, þar á meðal persónuhlífum, að teknu tilliti til staðbundinna aðstæðna í notkunarlandinu, einkum áhrifa á verklag og áhrifa loftslags.

#### *Rétt meðferð efna.*

7. (1) Þær ráðstafanir, sem lýst er í sambandi við rétta meðferð efna í landbúnaði, skulu ákveðnar með hliðsjón af meginreglum samþykktar og tilmæla um efni, 1990, og annarra viðeigandi alþjóðlegra, tæknilegra staðla.

(2) Sérstaklega skulu forvarnir og verndarráðstafanir sem gripið er til á fyrirtækjastigi fela í sér:

- a. fullnægjandi persónuhlífar og hlífðarfatnað, og þvottaaðstöðu fyrir launafólk sem vinnur með efni og til viðhalds og hreinsunar á persónuhlífum og tækjum til notkunar efnanna, launafólki að kostnaðarlausu,
- b. varúðarráðstafanir við úðun og eftir úðun á svæðum þar sem efnun hefur verið beitt, þ.m.t. ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun matvæla og vatns til drykkjar, þvotta og áveitu,
- c. meðhöndlun og förgun á hættulegum efnun sem ekki er lengur þörf fyrir og á ílátum sem hafa verið tæmd en kunna að innihalda leifar af hættulegum efnun, þannig að komið sé í veg fyrir eða dregið sem mest úr hættu hvað snertir öryggi og heilbrigði og umhverfið, í samræmi við landslög og venju,
- d. að haldin sé skrá um notkun skordýraeiturs í landbúnaði, og
- e. áframhaldandi þjálfun launafólks í landbúnaði sem felur í sér, eftir því sem við á, þjálfun

í verklagi og aðferðum eða fræðslu um hættur og þær forvarnir sem gera ber í tengslum við notkun efna við vinnu.

*Meðhöndlun dýra og vernd gegn hættum af líffræðilegum toga.*

8. Í því skyni að 14. gr. samþykktarinnar komi til framkvæmda skulu ráðstafanir við meðhöndlun líffræðilegra skaðvalda sem valdið geta hættu á smitun, ofnæmi eða eitrun, og við meðhöndlun dýra fela í sér eftirfarandi:

- a. áhættumat samkvæmt 5. gr. til að eyða líffræðilegri hættu, koma í veg fyrir hana eða draga úr henni,
- b. eftirlit með dýrum og prófanir á þeim í samræmi við dýralæknisfræðilega staðla og landslög og venju, með tilliti til sjúkdóma sem borist geta í menn,
- c. verndarráðstafanir við meðhöndlun dýra, og að séð sé fyrir persónuhlífum og hlífðarfatnaði þar sem við á,
- d. verndarráðstafanir við meðhöndlun líffræðilegra skaðvalda og að séð sé fyrir viðeigandi persónuhlífum og hlífðarfatnaði eftir því sem nauðsyn krefur,
- e. ónæmisáðgerðir fyrir launafólk sem meðhöndlar dýr, eftir því sem við á,
- f. að séð sé fyrir sóttþreinsandi efnum og þvottaaðstöðu, og viðhaldi og hreinsun á persónuhlífum og hlífðarfatnaði,
- g. að fyrsta hjálp sé veitt, mótefni gefin eða gerðar séu aðrar neyðarráðstafanir vegna snertingar við eitruð dýr, skordýr eða plöntur,
- h. öryggisráðstafanir við meðhöndlun, söfnun, geymslu og förgun mykju og úrgangs,
- i. öryggisráðstafanir við meðhöndlun og förgun á hræjum sýktra dýra, þ.m.t. hreinsun og sóttþreinsun mengaðra svæða, og
- j. öryggisleiðbeiningar, þ.m.t. viðvörðunarskilti og þjálfun fyrir launafólk sem meðhöndlar dýr.

*Landbúnaðarmannvirki.*

9. Í því skyni að 15. gr. samþykktarinnar komi til framkvæmda skulu skilyrði á sviði öryggis og heilbrigðis í tengslum við landbúnaðarmannvirki tilgreina tæknilega staðla fyrir byggingar, önnur mannvirki, handrið, girðingar og lokuð rými.

*Félagsleg aðstaða og húsnæði.*

10. Í því skyni að 19. gr. samþykktarinnar komi til framkvæmda skulu atvinnurekendur eftir því sem við á og í samræmi við landslög og venju sjá launafólki í landbúnaði fyrir:

- a. nægilegum aðgangi að drykkjarhæfu vatni,
- b. aðstöðu til að geyma og þvo hlífðarföt,
- c. aðstöðu til að matast, og til að gefa börnum brjóst á vinnustað þar sem því verður við komið,
- d. aðskilinni salernis- og þvottaaðstöðu, eða aðskildum afnotum á slíkri aðstöðu, fyrir karla og konur, og
- e. flutningum í tengslum við vinnu.

**IV. Önnur ákvæði.**

*Konur í landbúnaðarstörfum.*

11. Í því skyni að 18. gr. samþykktarinnar komi til framkvæmda skal gera ráðstafanir til að tryggja að áhættumat verði gert á vinnustöðum í tengslum við öryggi og heilbrigði þung- aðra kvenna og kvenna með börn á brjósti, og að því er varðar mæðravernd.

*Einyrkjar.*

12.(1) Að teknu tilliti til sjónarmiða sjálfstætt starfandi bænda, einyrkja, skulu aðildarríki gera áætlanir um að sú vernd sem felst í samþykktinni nái smám saman einnig til einyrkja eftir því sem við á;

(2) Í þessu skulu landslög og reglugerðir tilgreina réttindi og skyldur einyrkja hvað snertir öryggi og heilbrigði í landbúnaði.

(3) Í ljósi innlendra aðstæðna og venju skal eftir því sem við á taka til athugunar sjónarmið einyrkja við mótun, framkvæmd og reglulega endurskoðun á þeirri innlendra stefnu sem fjallað er um í 4. gr. samþykktarinnar.

13.(1) Í samræmi við landslög og venju skal hlutaðeigandi stjórnvald grípa til ráðstafana í því skyni að tryggja að einyrkjar njóti þess öryggis og þeirrar heilsuverndar sem samþykktin veitir.

(2) Þessar ráðstafanir skulu fela í sér:

- a. ákvæði um að viðeigandi starfstengd heilsuvernd nái smám saman til einyrkja,
- b. að smám saman verði þróuð aðferð til að fella einyrkja undir skráningu og tilkynningu á vinnuslysum og atvinnusjúkdómum, og
- c. að mótaðar séu leiðbeiningar, kennsluáætlanir, námsefni og viðeigandi ráðgjöf og þjálfun fyrir einyrkja, sem meðal annars taki til:
  - (i) öryggis og heilbrigði þeirra sjálfra og þeirra sem með þeim starfa að því er varðar starfstengdar hættur, þ.m.t. hættu á vöðva- og stoðkerfissjúkdómum, val og notkun efna og líffræðilegra skaðvalda, hönnun öruggra vinnukerfa og val, notkun og viðhald á persónuhlífum, vélum, verkfærum og tækjum; og
  - (ii) að komið sé í veg fyrir að börn vinni hættuleg störf.

14. Þar sem efnahagsleg, félagsleg eða stjórnsýsluleg skilyrði leyfa ekki að einyrkjar og fjölskyldur þeirra falli undir opinbert eða frjálst tryggingakerfi, skulu aðildarríki grípa til aðgerða í því skyni að þeir falli smám saman undir kerfi sem kveðið er á um í 21. gr. samþykktarinnar. Þessu mætti ná með:

- a. þróun á sérstöku tryggingakerfi eða tryggingasjóði,
- b. aðlögun á því almannatryggingakerfi sem þegar er fyrir hendi.

15. Við framkvæmd framangreindra ráðstafana varðandi einyrkja ber að taka tillit til sérstöðu:

- a. leiguliða með smábúskap og launafólks sem fær greitt í hluta af uppskeru;
- b. sjálfseignarbænda á smájörðum;
- c. þátttakenda í samyrkjubúrekstri, svo sem búrekstri í samvinnufélagsformi;
- d. fjölskyldumeðlima, samkvæmt skilgreiningu landslaga og venju;
- e. sjálfsþurftabænda; og
- f. annarra þeirra sem starfa við landbúnað á eigin vegum í samræmi við landslög og venju.